

Kjarvalsstaðir:**Góð aðsókn að sýningu ungra myndlistarmanna**

FJÓLMENNI lagði leið sína á Kjarvalsstaði um helgina, en þar var á laugardag opnuð myndlistarsýningin „Ungir myndlistarmenn“ sem stendur til 20. febrúar. Einar Hákonarson listmálari og stjórnarformaður Kjarvalsstaða opnaði sýninguna með ávarpi, og afhenti við það tækifæri 30 þúsund króna viðurkenningu í formi ferðastyrks, til eins þeirra er verk eiga á sýningunni. Viðurkenninguna hlaut Kjartan Ólason, eins og skýrt var frá í Morgunblaðinu á sunnudaginn.


Á sýningunni á Kjarvalsstöðum sýna samtals 58 listamenn verk sín, og eru þau 171 talsins. Vegleg sýningarskrá hefur verið gerð fyrir sýninguna, og eru þar birtar myndir af verkum eftir alla listamennina.

Auk sjálfrar myndlistarsýningarinnar verður efnt til fimm tónleika á sýningunni, sem Musica Nova og nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík og Tónskóla Sigursveins D. Kristinsónar leika.



Ljós.: Emíla Bj. Björnsdóttir.

Einar Hákonarson stjórnarformaður Kjarvalsstaða afhendir Kjartani Ólasyni 30 þúsund króna viðurkenningu frá Reykjavíkurborg, en hann er einn hinna 58 ungu myndlistarmanna, sem nú sýna á Kjarvalsstöðum.

RAPP HYDEMA SYD^{AS}

RAPP-HYDEMA netaspil 3,5 tonn með netaafdragara. Getum afgreitt beint af lager línuspil með netaafdragara, sambyggt og tilbúið til niðurstæningar. Einnig fimm gerðir af netaafdrögurum passandi fyrir þau netaspil sem fyrir eru:

HMM-002 með togátaki 20 kg.

HMM-005 með togátaki 50 kg.

HSA-01 með togátaki 100 kg.


HSM-01 með togátaki 100 kg.

HSA-015 með togátaki 150 kg.

Leitið upplýsinga hjá okkur um hvaða netaafdragari hentar yðar bát best.

Atlas hf

Ármúla 7, sími 26755, Reykjavík.



Skipuleggjendur eftirlitslausra ferða um óbyggðirnar nota farartæki, sem gera engan blett öræfanna óhultan.

Rall og landgæsla**Ómar Ragnarsson svarar landvörðum**

Íslendingar hafa Landhelgisgæslu sem notar flugvélar, þyrlur og skip til þess að hafa eftirlit á hafinu í kringum landið. Af sjávarafrafla höfum við gjaldeyrstekjur, og eðlilegt er að eyða hluta þeirra til eftirlits með því, að farið sé að settum reglum, svo að þessari auðlind sé ekki spillt.

Nú skyldi maður ætla, að landið sjálft væri vart minni auðlind, og sjálfsagt að verja til þess fé að hafa eftirlit með umgegni við það. Hafa landgæslu.

Þar er líka úr gjaldeyrstekjum að spila, til að mynda um eða yfir milljarði króna, sem búast má við í beinar og duldar tekjur af erlendum ferðamönnum.

Eiginleg landgæsla er ekki til

En viti menn: landgæsla, sem risið gæti undir því nafni, er ekki til. Engar þyrlur, flugvélar, eftirlitsbilar né víðurlög í líkingu við það, sem er á miðunum.

Órfáir menn, svonefndir landverðir, eru í nokkrar vikur á sumri hverju í nokkrum sæluhúsum, og komast varla yfir að sinna öllu því, sem sinna þarf í næsta nágrenni þeirra.

Á sama tíma og landhelgisbrjótur fá fyrir ferðina, minnst menn þess ekki, að neitt svipað hafi verið uppi á tengingnum, þegar um umhverfisspilla hefur verið að ræða á landi, þegar undan eru skildir nokkrir seinheppnir fálka- og eggjapjófar. Stórtíðindum sætti, þegar lögreglan á Hvolsvelli skyldaði umhverfisspilla til þess að græða upp og hreinsa svæði, sem þeir höfðu skemmt í Þórs-mörk.

Spjöll, þegar landverðir eru ekki að störfum

Við þetta bætist, að landverðir eru víðsfjarri, þegar verstu spjöllin eru unnin. Áður en þeir koma til starfa í Landmannalaugum og öðrum unaðsreitum óbyggðanna, hafa harðsvirðir torfærurkappar, svartir sauðir í hópi ágætra drengja, brotist þangað og böðlast utan vatnsblautra vega og slóða eða fram hjá sköflum, sem loka leiðinni. Og eftir að landverðirnir eru farnir og ferðamannatíminn á enda, hefst snerra, sem þeir eru víðs fjarri.

Það er rollurallið mikla. Um gervallar óbyggðir, hvar sem stingandi strá er enn að finna, fara herskarar gangnamanna, á

„Ég á erfitt með að setta mig við það, að vel heppnuð landkynning sé af hinu illa, vegna þess, að hún hafi í för með sér stórauðna umferð fólks á því svæði, sem kynnt er.“

jeppum, torfæruþrúkkum, dráttarvélum og hestum og elta uppi hundruð þúsunda fjár, og tugi þúsunda hrossa til að koma þeim til byggða.

Ég hef fylgst með smalamennsku á nokkrum afréttum landsins, og veit, að þrátt fyrir ítrasta vilja gangnamanna er útilok að að allur þessi her manna og fararskjóta geti haldið sig eingöngu á merktum leiðum, af þeirri einföldu ástæðu, sem hvert mansbarn sér: Búfé fer ekki eftir reglum; það leitar uppi ónöguð strá, ef einhver eru eftir, að eigin geðþótta.

Saga af fjallkóngi

Fyrir nokkrum árum var ég á einum fegursta og víðkvæmasta afrétti landsins í fréttiferð fyrir sjónvarpið. Um sanda og mosaþembur þeystu hestar og jeppar á eftir væntanlegri niðurgreiddri útflutningsvöru, sem skondraði um holt og hæðir. Niður eina ölduna kom á móti mér kappi á átta gata Skát-jeppa „með öllu“, þústflækjum, breiðum mykjudreifaradekkjum. Ég stöðvaði hann og spurði, hvort hann vissi, hvar fjallkóngurinn væri, því að ég hefði ekki séð neinn líklegan, þið vitið, aldinn mann á gráum vekringi með kuldaþúfu, tóbakshorn og skorna svipu.

Gæinn á átta gata tryllitækinu svaraði stuttlega: „Ég er fjallkóngurinn.“

Breyttir tímar

Nú er árið 1983. Ferðamenn, úti-vistarfólk, sportmenn og gangnamenn nota okkar tíma fararskjóta, jafnt í leik sem starfi. Skipuleggjendur eftirlitslausra ferða um óbyggðirnar nota farartæki, sem gera engan blett öræfanna óhultan. Erlendir safnarar sjaldgæfra fugla, eggja og steina fara ráns-hendi um dýrgripi íslenskrar náttúru. Það er löngu liðin tíð, að hægt sé að nytja landið og umgangast það, án þess að nota þessi tæki og án þess að kosta einhverju til

raunverulegrar gæslu þess — með nútímatækjum. Það er of seint að segja: burt með útlendingana, fækkum ferðafólki. Með því fækkum við aðeins hinum stóra meiri-hluta ferðafólksins, sem er þrýðis-fólk, en þeir, sem hagnast á því að spilla náttúrunni koma eftir sem áður. Og notfæra sér það, að hér vantar gæslu. Jafnvel þótt við vildum minnka umferð og draga út ferðamannastraumi, kostaði það auknið eftirlit og gæslu, og líkurnar fyrir því að fá fé til þess aukast ekki með því að draga úr tekjum af ferðamannastraumi, heldur þvert á móti með því að auka tekjur af ferðamönnum og nota hluta tekjuaukningarinnar til störefldrar landgæslu.

Er landkynning af hinu illa?

Fegurð, sem menn fá ekki notið, er lítills virði. Fegurð lands er því meira virði sem fleiri njóta hennar, svo lengi sem hægt er að viðhalda þessari fegurð óspilltri. Þess vegna eru menn að basla við að gera landkynningarmyndir og ferðabætti. Ég á erfitt með að setta mig við það, að vel heppnaðar landkynningarmyndir séu af hinu illa, vegna þess, að þær hafi í för með sér stórauðna umferð fólks á því svæði, sem kynnt er.

Setjum sem svo, að ein landkynningarmynd yki ferðamannastraum til landsins um helming. Það yrði um eða yfir milljarðs króna tekjuauki fyrir þjóðina á ári. Þó ekki væri veitt nema einu prósentu af þessum milljarði til landgæslu, væru það tju milljónir króna, eða nær tvöfalt hærri upphæð, en ríkissjóður veitir á þessu ári til Náttúruverndarráðs! Þarna er íslenski veiðimannahugsunarhátturinn lifandi kominn; að taka sem mest, en gefa sem minnst.

Framlag ríkisins til verndunar náttúru landsins er um hálf prósent af tekjum okkar af erlendum ferðamönnum!

Auknar ferðamannatekjur — auknir möguleikar til landgæslu

Fregnir berast af góðum landkynningarþætti í Bretlandi. Stóru-aukinn skipakostur mun flytja fólk og bíla til landsins í sumar. Þessu verður ekki breytt. Hugmyndir eru uppi um auknar gjaldeyrstekjur og landkynningu með rallkeppni.

Í stað þess að hefja örvæntingargrát, væri ekki nær að nota tækifærið og veita, þó ekki væri nema litlum hluta aukinna ferða-